

AUGLÝSING**um skipulag í Garðahreppi.**

151

18. ágúst

Eftir tillögu skipulagsstjóra ríkisins og með samþykki hreppsnefndar Garðahrepps hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 55 frá 1921 ákveðið, að lög nr. 55 frá 27. júní 1921 skuli taka til byggingarlóða í Garðahreppi meðfram Hafnarfjarðarvegi, milli Kópavogshrepps og Hafnarfjarðar, svo og til byggingarlóða í sama hreppi meðfram Keflavíkurvegi, milli Hafnarfjarðar og Vatnsleysustrandarhrepps.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Siglufjarðar á lóðum og fasteignum, sem að sjó liggja í Siglufirði.

152

19. ágúst

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum og fleiru, hefur bæjarstjórn Siglufjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Siglufjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á öllum lóðum og fasteignum, sem að sjó liggja í Siglufirði, en það eru eftirtaldar lóðir og fasteignir:

Staðarhólsland, eign Svövu Hjaltalín.

Lóð og fasteignir Ásgeirs Péturssonar h.f., nr. 15, 17 og 19 við Snorrögötu.

Lóðir og fasteignir Samvinnufélags Ísafjarðar, við Snorrögötu (nr. 11, 13).

Lóðir og fasteignir Njarðar h.f., við Snorrögötu (nr. 9).

Lóðir og fasteignir Skafta Stefánssonar, við Snorrögötu (nr. 7).

Lóðir og fasteignir Óskars Halldórssonar h.f., Ólagötu 6.

Lóðir og fasteignir Sunnu h.f., Ólagötu (nr. 1, 2, 3, 4).

Helgareitur, Gránugötu 25, við Gránug., V. Friðjónsson.

Friðleifsreitir við Gránugötu, lóð og fasteignir, eigendur Þ. Sigurðsson og Anna Vilhjálmsdóttir.

Hjaltalínsreitir 1 og 2, við Gránugötu, eig. J. Hjaltalín.

Kveldúlfssreitir við Gránugötu, eig. Kaupfélag Siglufirðinga.

Halldórsreitir við Gránugötu, eig. d.b. Halldórs Jónssonar.

Hjaltareitur við Tjarnargötu, eig. Hafliði h.f.

Ragnarsreitir 1 og 2 við Tjarnargötu, eig. Ólafur Ragnars.

Búðarreitur við Tjarnargötu, eig. Hinrik Thorarensen.

Hinriksreitir við Tjarnargötu, eig. Olaf Henreksen.

Ásgeirsreitir við Tjarnargötu, eig. Guðrún, Erna, Halldóra Óskarsdætur.

Þormódsreitir 1, eig. s.f. Jarlín.

Þormódsreitir 2, eig. h.f. Hrímnir.

Hvanneyrarkrókur, eig. h.f. Shell og d.b. Alfons Jónssonar.